

Stjórnarfundur Leiknar: föstudaginn 10. febrúar 2017.

Staður: Skipholt 50b hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

Mættar: Guðrún Vala Elísdóttir sem gegnir formennsku fram að næsta aðalfundi, Guðrún Lárusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Puríður Sigurðardóttir og Helga Gísladóttir sem ritaði fundargerð. Ólafur Ástgeirsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Guðrún Vala gegnir formennsku fram að næsta aðalfundi sem áætlaður er 25. apríl. Hulda hafði áætlað að vera með okkur á fundinum en afboðaði sig. Ákveðið að færa henni blómvönd og tók Gurra það að sér.
3. Rætt um neterindin á þriðjudögum. Þann 7. mars verður erindi um stóriðjuskólann og ætlar Guðrún Vala að fá Hörð Baldvinsson til þess að vera með það. Ólafur hafði nefnt að fá Sigurð Fjalar Jónsson sem vinnur hjá Iðunni til að vera með erindi um kennslu á MailChimp í apríl. Erindið sem átti að vera 7. febrúar (frá VUC í Haderslev. „Vinnuvistfræðileg námsumhverfi og kennararapúltið að hverfa?) féll niður vegna anna fyrirlesara en Anna Kristín athugar hvort að það geti verið í maí.
4. Framundan er að skipuleggja ársfundinn. Ársskýrslan hefur verið samstarfsverkefni. Gurra sér um gerð ársreikningana. Í dag er til 1,461,645 krónur en eftir er að greiða 1046 evrur í árgjald EAEA. Það eru því tæplega 1,3 milljónir til í sjóð. Rætt um að leggja til að árgjald verði óbreytt. Ástæða þess að svona mikið er í sjóði er að það var aðeins farin ein ferð á síðasta ári vegna norræna samstarfsins í stað tveggja. Það er fyrirhugaður fundur í maí. Rætt var að senda fulltrúa á EAEA fundinn sem verður í Barcelona 27-28 júní. Guðrún Vala verður þar í frí á þessum tíma og í umræðunni var að hún sæki fundinn. Rætt um að hafa stjórnarfund fyrir aðalfundinn. Umræður um fundarstað. Við getum verið áfram í Skipholtinu en rætt um að gaman væri að funda til skiptis á vinnustöðum stjórnarfólks og hafa næsta fund mögulega á vinnustað Guðrúnar Völu í Borgarnesi eða á Akranesi.
5. Ársskýrsla. Guðrún Vala vinnur í ársskýrslunni.
Dagskrá aðalfundar sem haldinn verður í húsnæði Fræðslunets Suðurlands:
Skýrsla stjórnar- Guðrún Vala flytur hana
Reikningar lagðir fram- Gurra
Umræða um skýrslu stjórnar- fundarstjóri stýrir þessum lið
Fjárhagsáætlun/ákvörðun árgjalds – Gurra

Kosning formanns-fundarstjóri stýrir þessum lið

Kjör stjórnar - fundarstjóri stýrir þessum lið

Kosning skoðunarmanna - fundarstjóri stýrir þessum lið

Önnur mál - fundarstjóri stýrir þessum lið

Guðrún Vala ætlar að tala við Helga Þorbjörn Svavarsson sem vinnur hjá Símeý um hvort að hann væri til í að gefa kost á sér í stjórn. Það þarf að fá fundarstjóra fyrir aðalfundinn. Einnig þarf að undirbúa ráðstefnu sem verður í tengslum við fundinn í samstarfi við Kvasi. Efni ráðstefnunnar er umskólun. Undirbúningurinn er unninn í samstarfi við Eyjólf Sturlaugsson framkvæmdastjóra Fræðslunets Suðurlands og Smára Haraldsson sem er formaður Kvasis. Guðrún Vala verður í sambandi við þá.

Fleira ekki tekið fyrir.

Helga Gísladóttir ritaði fundargerð.